

Gjaldskrá

vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis

(Fjárhæðir uppfærðar miðað vð BVT í janúar 2022, 159,7 stig)

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskrá þessi tekur til kostnaðar vegna vinnu við útgáfu á framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna leyfisskyldra framkvæmda.

Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á viðkomandi svæði eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins.

Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarra umsýslu.

Breytingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

	2012	2021
Afgreiðslugjald	9.500	13.510
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	130.000	184.871
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	120.000	170.650
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	60.000	85.325

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

4.1 Nýtt deiliskipulag		
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	120.000	170.650
4.2 Verulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	120.000	170.650
4.3 Óverulegar breytingar á deiliskipulagi		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	Samkvæmt reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	60.000	85.325
4.4 Vinna samkvæmt reikningi skal byggja á áætlun skipulagstjóra um umfang verkefnisins sem umsóknaraðili samþykkir. Reikningur verður síðan gerður í samræmi við raunverulegan kostnað en getur ekki verið hærri en fjárhæð samkvæmt samþykktri áætlun.		

5. gr.

Grenndarkynning

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna grenndarkynninga, sbr. 44. gr.	30.000	42.663
--	--------	--------

6. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	9.500	13.510
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum	110.000	156.429
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir	65.000	92.435

7. gr.

Breyting fjárhæða.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast 1. janúar hvert ár í samræmi við byggingarvísitölu.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal öðlast gildi 1. janúar 2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. september 2012

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*